



Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalgata 14 í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015

Hjá byggingarfulltrúa Skagafjarðar liggja fyrir gögn er varða tilkynnta framkvæmd í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá eiganda neðri hæðar fjöleignahúss með fasteignanúmerið F2131128 sem stendur á lóðinni númer 14 við Aðalgötu á Sauðárkróki.

Skráð byggingarár hússins er 1930. Breytingar varða útlit á gluggum og hurðum vesturhliðar húss. Áætlaður verktími er um 6 mánuðir.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Samkvæmt greinargerð um verndarsvæði í byggð frá 2018 og Húsakönnun Sauðárkróks frá 2018 hefur húsið miðlungs varðveislugildi sem byggir að mestu á miðlungs menningarsögulegu gildi, tæknilegu ástandi og upprunalegu gildi. Aftur á móti er umhverfis gildi og listrænt gildi þess metið lágt.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar í Ráðhúsi Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/> frá og með 7. janúar 2026 til og með 21. janúar 2026.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 21. janúar 2026 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi, Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.